

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 103/1993.

Finnbogi Jónsson

gegn

Ingólfi Þórissyni

(Jóhann Nielsson hrl.)

Ærumeiðingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1993. Hann krefst þess, að stefnda verði gerð refsing fyrir þau ummæli, sem hann lét falla um áfrýjanda í bréfi til Málarafélags Reykjavíkur 16. september 1991 og tilfærð eru í hinum áfrýjaða dómi, svo og, að þessi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnda gert að greiða kostnað af birtingu forsendna og dómsorðs dóms í málinu í dagblaði. Áfrýjandi krefst þess einnig, að stefnda verði gert að greiða sér fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að fjárhæð 300.000 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. september 1991 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem urðu tilefni þessa máls, lét stefndi falla í bréfi til Málarafélags Reykjavíkur til skýringa á ástæðum fyrir uppsögn áfrýjanda úr starfi hjá Ríkisspítölunum. Í upphafi bréfsins tók stefndi fram, að áfrýjandi hefði verið ráðinn til starfa 30. maí 1989 sem verkstjóri málara við Landspítalann, en ummælin, sem áfrýjandi telur ærumeiðandi í sinn garð, snerust eftir efni sínu um, hvernig áfrýjanda fóru verkstjórastörfin úr hendi, og hæfileika hans til að gegna þeim.

Þegar áfrýjandi hóf störf á Landspítalanum vorið 1989, var skipulag þriggja verkstæða, dúklagningar-, málara- og trésmíðaverkstæða, með þeim hætti, að yfir hverju þeirra var starfandi verkstjóri.

Þeir heyrðu allir beint undir tæknifræðing spítalans, sem síðan heyrði undir framkvæmdastjóra tæknisviðs Ríkisspítalanna, stefnda í máli þessu. Þáverandi verkstjóri á málaraverkstæði fór í ársleyfi sumarið 1989. Á þeim tíma var breyting gerð á skipulagi þessu, þannig, að verkstæðin þrjú heyrðu upp frá því undir umsjónarmann spítalans, sem skyldi vera staðgengill tæknifræðings. Aðila greinir á um, hvort eftir sem áður hafi verið starfandi sérstakur verkstjóri á málaraverkstæði. Áfrýjandi heldur því ákveðið fram, að þegar verkstjórinn á málaraverkstæði fór í leyfi sitt, hafi umsjónarmaður spítalans tekið við starfi hans, en ekki áfrýjandi. Þess vegna sé alrangt af hálfu stefnda og síðar tilbúin skýring, að áfrýjandi hafi tekið við starfinu, en af þessum sökum telur hann hin átöldu ummæli stefnda tilhæfulaus.

Í ráðningarsamningi, sem áfrýjandi gerði við Ríkisspítalana við upphaf starfa sinna vorið 1989, er starfsheiti hans sagt vera húsamálun, en óumdeilt er, að þetta hafi verið eini skriflegi samningurinn, sem var gerður um ráðningu hans. Menn, sem störfuðu með áfrýjanda við Landspítalann og voru leiddir fyrir héraðsdóm sem vitni í málinu, hafa hins vegar borið, að hann hafi starfað þar sem verkstjóri málara og litið hafi verið á hann sem slíkan. Ýmis önnur gögn málsins styðja jafnframt, að áfrýjanda hafi verið ætlað að starfa í raun sem verkstjóri, þar á meðal gögn um launakjör hans og bréfaskipti stefnda við fyrri verkstjóran á málaraverkstæði. Ekki verður fallist á, að áfrýjanda hafi tekist að hnekkja því, sem ályktað verður á þennan hátt af fram komnum sönnunargögnum, en eins og málið liggur fyrir, verður sönnunarbyrði að hvíla að þessu leyti á honum. Verður því við það að miða, að ummæli stefnda hafi réttlæga verið byggð á þeirri forsendu, að áfrýjandi hafi starfað sem verkstjóri hjá Ríkisspítölunum.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms má fallast á, að í þessu ljósi varði ummæli stefnda ekki við 234. gr. eða 235. gr. almennra hegningarlaga, svo og, að ekki séu efni til að ómerkja þau eða taka til greina aðrar kröfur áfrýjanda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað.

Í ljósi atvika málsins verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn í einu lagi fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Finnbogi Jónsson, greiði stefnda, Ingólfi Þóris-syni, 75.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar

Stefndi kveður áfrýjanda hafa gegnt verkstjórarstarfi á tímabilinu 1990 til apríl 1991. Það hafi verið fólgið í daglegri stjórn málara, en á þeim tíma hafi starfað þar svokallaðir verktakar, menn ráðnir á tímakaupi, sem hafi starfað þar langtímum saman án þess að vera fastráðnir. Hafi starf áfrýjanda verið fólgið í daglegri verkstjórn þessara manna, segja þeim, hvaða verk þeir ættu að vinna, útvega þeim efni og jafnframt að ráða málara til starfa við Landspítalann. Stefndi kveður kvartanir hafa komið frá umsjónarmanni og tækni-fræðingi spítalans nokkrum mánuðum áður en áfrýjandi hætti störf-um, að hann sinnti verkstjórn ekki nægilega vel. Hafi kvartanirnar aukist, eftir því sem á leið. Hafi verið talað um, að það þyrfti að skipta um verkstjóra. Stefndi kveður áfrýjanda hafa ráðið verk tíma í samráði við umsjónarmann spítalans. Var kvartað yfir því, að þær áætlanir stæðust ekki. Ekki kveður stefndi sér kunnugt um, að nein breyting hafi orðið á ráðningarsamningi áfrýjanda.

Egill Tómas Jóhannsson, umsjónarmaður Landspítalans, hefur á hendi yfirstjórn þriggja verkstæða Landspítalans, trésmíðaverkstæð-is, málaraverkstæðis og dúklagningarverkstæðis. Hann kveður sér hafa verið kynnt málið þannig, að áfrýjandi tæki við af Kjartani Kjartanssyni sem verkstjóri á málaraverkstæði. Ákvarðanir um framkvæmdir hafi verið teknar á fundum, sem hann, stefndi og Þor-valdur Thoroddsen sátu einu sinni í viku. Hann og Þorvaldur hafi svo kynnt verkstjórum sínum þau stóru verk, sem unnið var við og fram undan voru. Stefnda hafi svo verið gefin skýrsla um þau einu sinni í viku. Beiðnir um öll smærri verk komi frá deildum með sér-stökum verkbeiðnum, er fari beint til verkstjóra sem skipi undir-

mönnum sínum til þeirra verka. Við framkvæmdir þurfi að loka deildum spítalans og herbergjum. Því þurfi að ákveða, hvenær loka skuli og opna aftur. Ef ekki takist að standa við tímaáætlanir, þurfi að fresta komu sjúklinga eða senda þá heim aftur. Hafi oft komið fyrir, að afboða hafi þurft sjúklinga eða senda þá heim aftur, vegna þess að tímasetningar áfrýjanda hafi verið rangar. Kveðst hann hafa fengið kvartanir út af því og þurft að leiðrétta það.

Áfrýjandi hefur ekki kannast við að hafa haft á hendi verkstjórn við málavinnu, enda hafi hann ekki verið ráðinn til slíks starfs. Stjórn verka hafi haft með höndum Kjartan og síðar Egill. Ekki kveður áfrýjandi hafa verið rætt við sig um að taka við starfi Kjartans. Kveðst hann hafa talið, að laun sín sem verkstjóra trésmíða stöfuðu af því, að um yfirborgun væri að ræða. Áfrýjandi kveðst hafa séð um innkaup og skrifað undir afhendingarbeiðnir í því sambandi. Hann hafi setið fundi út af niðurröðun vinnu, en ekki hafi komið þar fram kvartanir vegna vinnu sinnar. Hann kveðst aldrei hafa fengið aðfinnslur út af faglegum störfum sínum og kveðst ekki hafa fengið áminningu.

Þorvaldur Thoroddsen, sem undirritaði ráðningarsamninginn við áfrýjanda af hálfu Ríkisspítalanna og bréfið um uppsögn áfrýjanda, kom ekki fyrir dóm í málinu. Samkvæmt samningnum var áfrýjandi ráðinn húsamálari á málningarverkstæði Ríkisspítalanna. Telja verður fram komið, að áfrýjandi hafi haft einhver afskipti af verkbeiðnum og kaupum á efni, og laun fékk hann greidd sem verkstjóri á trésmíðaverkstæði spítalans. Hins vegar er ósannað, að hann hafi haft með höndum svo umfangsmikla verkstjórn sem lýst er af vitninu Agli Tómasi Jóhannssyni. Ég tel fram komið, að á þeim grundvelli hafi gagnrýni beinst að áfrýjanda og uppsögn hans verið byggð. Ég tel því, að umsögn stefnda, sem mál þetta er risið af, hafi ekki verið réttmæt.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir aðdraganda að því, að stefndi ritaði bréfið með hinum umstefndu ummælum. Með hliðsjón af því tel ég ummælin ekki vera ærumeiðandi, og ekki felst í þeim aðdróttun. Ég tel því, að hafna beri kröfum áfrýjanda að öðru leyti en því, að ómerkja beri hin umstefndu ummæli, sem ekki hafa verið réttlætt. Ég tel einnig, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Finnboga Jónssyni, kt. 210650-4669, Hraunbæ 174, Reykjavík, gegn Ingólfi Þórisssyni, kt. 190558-2079, Keilugranda 4, Reykjavík, með stefnu, birtri 5. mars 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd refsing samkvæmt 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir eftirgreind ummæli:

„Fljótlega kom í ljós að Finnboga fór verkstjórnin illa úr hendi og var honum gerð grein fyrir því að hann yrði að bæta sig eða láta af starfi.“ „Því miður hafði Finnbogi ekki tök á þessu verkefni.“ – en þau voru viðhöfð í bréfi stefnda, Ingólfs, til Málarafélags Reykjavíkur, dags. 16. september 1991.

Einnig er þess krafist, að tilvitnuð ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og að stefnda verði gert að greiða kostnað af birtingu forsendna og dómsorðs í málinu í útbreiddu reykvísku dagblaði samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Enn fremur er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 300.000 kr. féggjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ásamt dráttarvöxtum frá 16. september 1991 til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

I.

Málavextir eru þeir, að stefnandi máls þessa, sem er málari, réðst til starfa hjá Ríkisspítölunum í byrjun júní 1989. Samkvæmt ráðningarsamningi skyldi stefnandi starfa að húsamálun. Með bréfi, dags. 1. apríl 1991, var stefnanda sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Í uppsagnarbréfi voru ekki tilgreindar ástæður uppsagnarinnar. Stefnandi fór þess á leit við Málarafélag Reykjavíkur, að það leitaði skýringa á uppsögninni, og var stefnda sem framkvæmdastjóra tæknisviðs Ríkisspítalanna sent bréf af því tilefni, dags. 22. ágúst 1991. Svarbréf stefnda til Málarafélags Reykjavíkur, dags. 16. september 1991, sem rétt þykir að taka upp í heild sinni, er svohljóðandi:

„Finnbogi Jónsson málari var ráðinn til Ríkisspítala þann 30. 5. 1989 sem verkstjóri málara á Landspítala. Fljótlega kom í ljós að Finnboga fór verkstjórnin illa úr hendi og var honum gerð grein fyrir því að hann yrði að bæta sig eða láta af starfi. Landspítali er stór stofnun, 50.000 m², og er stór

hluti hans í notkun allan sólarhringinn. Vegna eðlis starfseminnar verða verklegar framkvæmdir, þar með talið málun, að ganga hratt og vel. Því miður hafði Finnbogi ekki tök á þessu verkefni.

Finnboga var boðið að segja upp sjálfur. Hann hafnaði því og var þá ekki um annað að ræða en segja honum upp. Hann lét af starfi 20. 4. 1991.“

Meiðyrðamál þetta hefur stefnandi höfðað vegna ummæla, sem fram koma í bréfi þessu.

II.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi verið ráðinn sem málari og gegnt því starfi, þar til honum var sagt upp störfum með bréfi, dags. 1. apríl 1991. Vegna beiðni frá Málarafélagi Reykjavíkur um ástæður uppsagnarinnar hafi stefndi, Ingólfur Þórisson, sent félaginu bréf, þar sem hann hafi tilgreint ástæður þessarar uppsagnar. Þar eru höfð uppi þau ummæli, sem fyrr eru rakin og deilt er um í málinu.

Stefnandi telur ummæli þessi ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir í sinn garð og með öllu staðhæfulaus og byggð á annarlegum ástæðum. Stefnandi hafi hvorki verið ráðinn verkstjóri hjá Ríkisspítölunum né taldi hann sig vera verkstjóra. Stefnandi kannast ekki við, að aðfinnslur hafi verið gerðar við fagleg störf sín hjá Ríkisspítölunum. Með ummælum þessum sé vegið að persónu stefnanda og hæfni hans sem iðnaðarmanns. Ummælin, sem beint hafi verið til fagfélags stefnanda, séu enn fremur til þess fallin að rýra álit fagfélagsins á hæfni hans sem málara, en stefnandi hafi atvinnu sína af málaraíðn. Stefnandi hafi því brýna hagsmuni af því að fá leiðréttingu sinna mála.

Stefnandi reisir kröfur sínar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 234., 235., 241. og 264. gr., vaxtalögum nr. 25/1987, einkum II. og III. kafla. Málskostnaðarkrafan styðst við 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og gjaldskrá LMFÍ. Krafan um virðisaukaskatt styðjist við lög nr. 50/1988, en þar sé lögmonnum gert skylt að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

III.

Stefndi telur hins vegar, að stefnandi hafi verið ráðinn verkstjóri málara á Landspítala 1. júní 1989. Hann hafi verið ráðinn í stað verkstjóra málara, sem hafi hætt störfum hjá Landspítala í ágúst sama ár. Stefnandi hafi fengið laun samkvæmt texta Verkstjórasambands Íslands fyrir verkstjóra iðnaðarmanna.

Að sögn stefnda sé verkstjórn iðnaðarmanna á Landspítala þannig hátt- að, að þar starfi forstöðumaður, sem fari m. a. með yfirverkstjórn trésmiða,

málara og dúklagningarmanna. Síðan sé einn verkstjóri á hverju þessara fagsviða, þ. e. verkstjóri trésmiða, verkstjóri dúklagningarmanna, verkstjóri málara o. s. frv. Forstöðumaður úthlutar verkefnum til verkstjóra einstakra fagsviða, og þeir skipuleggja síðan vinnu þeirra iðnaðarmanna, sem vinna undir stjórn þeirra.

Auk vinnu við málningu hafi stefnandi sem verkstjóri málara haft umsjón með allri málningarvinnu vegna bygginga á Landspítalalóð auk tveggja skrifstofubygginga og dagheimila Ríkisspítala. Að sögn stefnda sé mestur hluti málningarvinnu á Landspítala aðkeyptur, þ. e. a. s. unninn af málurum, sem vinna tímavinnu skv. taxa fyrir útselda vinnu. Yfirleitt séu a. m. k. þrír slíkir málara að störfum og fleiri, þegar unnið sé að stórum verkefnum. Stefnandi hafi haft með höndum verkstjórn þessara málara, þ. e. a. s. skipulagningu á störfum þeirra, innkaup á málningarvörum og umsjón með vinnu þeirra. Vegna þessara innkaupa hafi stefnandi haft heimild til að samþykkja innkaup fyrir Ríkisspítala. Þeir, sem hafi slíka heimild, fái afhenta svonefnda beiðnablokk. Einu iðnaðarmennirnir, sem hafi slíka heimild, séu verkstjórar.

Fljótlega hafi farið að bera á óánægju þeirra málara, sem störfuðu undir stjórn stefnanda, með verkstjórn hans. Yfirmenn stefnanda, þeir Þorvaldur Thoroddsen tæknifræðingur og Egill T. Jóhannsson forstöðumaður, hafi því boðað til fundar með stefnanda og tveimur fyrrgreindra málara til að ræða þessi vandamál og reyna að koma betra lagi á verkstjórnina. Að sögn þeirra hafi þetta lagast um tíma, en síðan sótt í sama far. Þá hafi þeir Þorvaldur og Egill boðað stefnanda aftur á fund og gert honum grein fyrir skyldum hans sem verkstjóra, og ef ekki yrði breyting til batnaðar, yrði hann að láta af störfum. Að sögn stefnda hafi þessir fundir ekki borið tilætladán árangur og legið við, að málara, sem lengi höfðu unnið fyrir Landspítalann, hættu vegna óánægju með verkstjórn stefnanda. Stefnandi hafi þá verið boðið að segja upp störfum sjálfur. Hann hafi hafnað því, og hafi honum því verið sagt upp störfum 1. apríl 1991. Ekki hafi verið tilgreindar ástæður fyrir uppsögn hans í bréfinu, og hafi það að sögn stefnda verið gert til þess að hlífa stefnanda.

Hinn 26. ágúst 1991 hafi stefnda síðan borist bréf frá Málarafélagi Reykjavíkur, dags. 22. ágúst 1991, þar sem félagið hafi óskað eftir því, að stefndi gæfi skýringar á uppsögn stefnanda. Í bréfi málarafélagsins til stefnda komi fram, að bréfið hafi verið sent að ósk stefnanda. Að sögn stefnda taldi hann sér bæði rétt og skylt að svara erindi félagsins og hafi því sent Málarafélagi Reykjavíkur bréf 16. september 1991, þar sem hann hafi gert grein fyrir ástæðum þess, að stefnandi var sagt upp störfum.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á því, að ummæli þau í tilgreindu bréfi stefnda, sem krafist sé refsingar fyrir og ómerkingar á, séu hvorki ærumeiðing í skilningi 234. gr., aðdróttun í skilningi 235. gr. né óviðurkvæmileg ummæli í skilningi 241. gr. almennra hegningarlaga. Hér sé um að ræða upplýsingar, sem Málaraðfélag Reykjavíkur hafi óskað formlega eftir samkvæmt beiðni stefnanda málsins, og hefði verið ámælisvert af hálfu stefnda, ef hann hefði ekki orðið við þessari beiðni. Hann hafi því orðið að geta ástæðna fyrir uppsögninni í bréfinu, og sé því vísað á bug sem tilhæfulausu, að ummælin hafi verið viðhöfð af annarlegum ástæðum. Þá hafi fyrrgreind ummæli einungis komið fram í bréfi til málaraðfélagsins vegna beiðni frá félaginu, en hvorki verið dreift né birt af hálfu stefnda. Loks bendir stefndi á, að það sé viðurkennd regla í íslenskum rétti, að menn verði að þola gagnrýni, sé þess gætt, að hún sé ekki sett fram á móðgandi eða meiðandi hátt. Þessa hafi verið gætt í bréfi stefnda til málaraðfélagsins, orðum sé mjög stillt í hof og þess gætt að taka ekki dýpra í árinni en nauðsynlegt sé til þess að skýra ástæður fyrir uppsögninni.

Í öðru lagi styðji stefndi kröfu sína um sýknu því, að ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi ekki við, enda sé fráleitt að halda því fram, að um sé að ræða „meingerð, sem telja má drygða af illfýsi“, þvert á móti hafi stefndi leitast við að hlífa stefnanda með því að stilla orðum sínum í hof og gera ástæður uppsagnar stefnanda ekki opinberar. Krafa um miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. hgl. eigi sér því enga stoð.

Aðilar málsins, þeir Finnbogi Jónsson og Ingólfur Þórisson, hafa gefið skýrslur fyrir dómi svo og vitnin Egill T. Jóhannsson, umsjónarmaður Landspítala, Kjartan Kjartansson málari, Andri Örn Clausen, Karl S. Þórðarson málari, Reynir Steinarsson málari, Kristinn Hermansen málari og Eðvarð Vilhjálmsson málari.

IV.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, heldur stefnandi því fram, að hann hafi hvorki verið ráðinn verkstjóri málara hjá Ríkisspítölunum né starfað þar sem verkstjóri. Hin umstefndu ummæli séu því með öllu tilhæfulaus og ærumeiðandi gagnvart sér.

Í ráðningarsamningi stefnanda, dags. 6. júní 1989, er starfsheiti hans tilgreint sem húsamálun án nánari skilgreiningar. Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Margrétar K. Sigurðardóttur, deildarstjóra launadeildar, dags. 21. febrúar 1992, svohljóðandi:

„Það vottast hér með að Finnbogi Jónsson fékk laun hjá Ríkisspítölum samkvæmt taxta Verkstjórafélags Reykjavíkur sem verkstjóri á tímabilinu

30. maí 1989 til 1. maí 1991 enda hafði hann verkstjórn á hendi og annaðist innkaup fyrir málaverkstæði Landspítalans.“

Fyrir dómi hefur stefnandi og staðfest að hafa þegið laun samkvæmt verkstjórataxta, en hélt því fram, að það hefði verið vegna yfirborgunar. Samkvæmt fram lögðum gögnum málsins og vætti vitna telst sannað, að stefnandi hafi gegnt starfi sem verkstjóri málara á Landspítala.

Að því er varðar ummæli þau, sem stefnt er út af í málinu, ber að líta til aðdraganda þess, að þau voru sett fram. Stefnandi leitaði til Málarafélags Reykjavíkur, sem með bréfi til stefnda, dags. 22. ágúst 1991, óskaði skýringa á uppsögn stefnanda. Verður að telja, að stefnda hafi borið að svara þeirri málaleitan eins og efni stóðu til. Í svarbréfi stefnda til málarafélagsins, dags. 16. september 1991, voru greindar ástæður uppsagnarinnar, sem vörð- uðu verkstjórn stefnanda. Ummæli þessi fólu í sér gagnrýni á störf stefn- anda sem verkstjóra, en vörðudu ekki faglega kunnáttu eða hæfni hans sem málara. Ummælin komu fram í bréfi að gefnu tilefni, en voru ekki gerð op- inber á neinn hátt. Í ljósi þess, sem fram er komið um starfssvið stefnanda hjá Ríkisspítölunum, og tilefni þess, að ummælin voru sett fram, verður að telja, að þau hafi efnislega verið innan réttmætra marka. Ummæli þessi voru því hvorki ærumeiðandi í skilningi 234. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 né refsiverð aðdróttun samkvæmt 235. gr. sömu laga. Ber því að sýkna stefnda af refsikröfu stefnanda í málinu.

Með því að ummæli þessi varða ekki refsingu, verður stefnda ekki gert að greiða kostnað af birtingu forsendna og dómsorðs í opinberu blaði sam- kvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Framangreind sjónarmið leiða og til þess, að greind ummæli verða ekki talin óviðurkvæmileg í skilningi 1. mgr. 241. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 og sæta því ekki ómerkingu.

Samkvæmt framansögðu eru engin skilyrði til þess að dæma stefnda til að greiða stefnanda fégjald samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Niðurstaða málsins er því sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefn- anda í málinu.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 60.000 kr.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Ingólfur Þórisson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Finnþoga Jónssonar, í máli þessu. Stefnandi, Finnþogi Jónsson, greiði stefnda, Ingólfi Þórisssyni, 60.000 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.